

Fundargerð 1.10.2020

Mætt voru: Jökull, Vala, Linda Ösp, Elly, Ingibjörg Magnúsar, María Pálmadóttir skólastjóri sem stýrði fundi og Margrét Ólöf Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundarins:

- **Funda- og starfsáætlun skólans**
Funda- og starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2020-2021 var lögð fyrir skólaráð.
- **Skólabyrjun - innra starfið**
María fór yfir skólabyrjun og að starfið hafi farið vel af stað þrátt fyrir aðstæður í samfélaginu.
Það hafa orðið nokkrar breytingar á starfsmannahópnum m.a. vegna þess að margir hafa farið á eftirlaun á undanförunum árum.
- **Ytra mat**
María fór yfir hlutverk skólaráðsfulltrúar í ytra matinu. Þeir verða kallaðir í viðtal af matsaðilum.
- **Starfsáætlun Setbergsskóla**
María fór yfir Starfsáætlun skólans í stórum dráttum. Hún kynnti einnig nýtt skipurit sjónenda. Verið er að skerpa á öllum ferlum.
Ný starfsmannahandbók er tilbúin. Þar hafa verkferlar stoðþjónustu verið gerðir enn skýrari. Einnig var kaflinn um agaferilinn skoðaður sérstaklega. Starfsáætlunin verður sett í heild sinni á heimasíðu skólans en einnig kaflaskipt til þess að þessar upplýsingar verði enn aðgengilegri.
- **Umfjöllun um skólanámskrá Setbergsskóla:**
María kynnti skólanámskrár Setbergsskóla. Farið var yfir hvernig hún er uppbyggð. Skólanámskráin er lifandi plagg í stöðugri þróun. Kennarar lesa hana yfir reglulega til þess að hún gefi glögga mynd af áherslum í skólastarfinu hverju sinni.
- **Önnur mál:**

Fundi slitið,

Margrét Ólöf Jónsdóttir.